



Kennarar:	Birna Sigurkarlsdóttir og Eyrún B. Magnúsdóttir	Sk.st	BS/EBM
------------------	--	--------------	---------------

Áfangalýsing:

Félagsfræðiáfangi sem byggir á fyrri námi nemenda í grunnskóla og einnig nýtist FÉLA1SA05 í FSu. Lögð er áhersla á að kynna nemendum félagsfræði og önnur félagsvísindi sem fræðigreinar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið. Lögð er áhersla á að nemendur skilji umhverfi sitt og verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu og mynda sér skoðun á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d. kenningum og félagsfræðilegu sjónarhorni.
- helstu aðferðum félagsfræðinnar við rannsóknir.
- tengdum greinum eins og mannfræði, sálfræði, sagnfræði, þjóðfélagsfræði og stjórn málafræði.
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans, til dæmis: fjölskyldan, trúarbrögð, efnahagskerfið, stjórnkerfi, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar.
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir.
- hvað félagsmótun er og dæmi um hvernig hún virkar.
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu.
- hugtakinu félagsleg sjálfbærni.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt.
- afla fjölbreyttra gagna.
- vina með gögn og skila frá sér á skýrslum og verkefnum á vel uppsettu formi, t.d. í Word.
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans.
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg málefni.
- nýta samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra.
- geta tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun.
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær.
- nota „Netið“ til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni.
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál.
- geta sett sig í spor annarra.
- beita félagsfræðilegri sýn á samfélagið.
- vinna verkefni í Word og skila af sér með rétt uppsettum hætti, þ.e. með blaðsíðutali, efnisyfirliti og heimildaskrá.

Námsefni: Félagsfræði 1, Einstaklingur og samfélag eftir Garðar Gíslason. 2010



FÉLA2AF05

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	4. – 10. jan	Kynning á áfanganum – skipulag.	
2	11. – 17. jan	Verkefni 1 – kynning á efni.	Hvað er félagsfræði? 6%
3 – 4	18. – 24. jan	Félagsfræði og skyldar greinar Vinnulag.	Verkefni 10 %
5	25. jan – 7. feb	Aðferðafræði, skoðanakönnun.	Skoðanakönnun. 15%
6	8. – 14. feb	Einstaklingur og samfélag	Myndbandsverkefni. 10%
7 – 8	15. – 28. feb	Samfélagsmiðlar	Verkefni 6%
9	1. – 7. mars	Menning og trú. Mismunandi trúarbrögð og tenging við gerð samfélaga.	Verkefni 6%
10	8. – 14. mars	Gagnapróf. 10%	Gagnapróf. 10%
11	15. – 21. mars	Fjölskyldan og sambúðarform.	Verkefni. 6%
13	22. – 28. mars	Stjórnلög unga fólksins	6%
14 - 15	29. mars – 6. apr	Páskafri	
15 - 17	7. – 25. apr	Vinna í lokaverkefni - kynna	Verkefni 15%
18 19	26. apr – 7. mai	Kaflapróf - upprifjun á efni.	Kaflapróf 10%

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Þeir sem skila ekki 90% fá aldrei meira en 4 í einkunn.

Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans.

Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samráði við kennara.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Átta einstaklings/hópverkefni (ef færi gefst).	80%
Próf	Gagnapróf og kaflapróf (mögulega heimapróf).	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Birna Sigurkarlsdóttir: birna@fsu.is

Eyrún B. Magnúsdóttir: eyrun@fsu.is